

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2020

frá 23. október 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/442 frá 17. desember 2019 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0442**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/442 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 92, 26.3.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/442, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram. (*)

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 26.3.2020, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING